

Þjónusta við aldraða í Borgarbyggð

Skýrsla vinnuhóps

Inngangur

Inngangur	5
1. Skipan vinnuhóps.....	5
1.1. Erindisbréf	5
1.2. Markmið	5
1.2.1. Vinnulag og leiðir.....	6
1.3. Samantekt.....	6
2. Orðskýringar	6
3. Tölulegar upplýsingar	7
3.1. Samantekt.....	9
4. Lög um málefni aldraðra.....	9
4.1 Lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007	9
4.2 Lög um félagslega þjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991	9
4.3 Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999.....	10
4.4 Samantekt.....	10
5. Þjónusta	10
5.1 Þjónustan í Borgarbyggð.....	10
5.1.1. Hjúkrunar- og dvalarheimilið Brákarhlíð	10
5.1.2. Heilbrigðisstofnun Vesturlands	11
5.1.3 Sveitarfélagið Borgarbyggð	11
5.1.4 Samstarf.....	12
5.1.5 Áætluð þróun næstu árin	13
5.2. Þjónustukönnun	13
5.3 Félög eldri borgara.....	13
5.4. Samantekt.....	14
6. Framtíðarsýn.....	14
6.1. Hugmyndir að framtíðarskipulagi.....	15
6.1.1. Borgarbyggð veitir þjónustuna áfram	15
6.1.2. Samið yrði við Brákarhlíð um að sinna þjónustunni.....	18

6.2. Samantekt og niðurstaða	20
6.3. Framtíðarsýn – þrepaskipt áætlun	20
6.3.1. Árið 2013	20
6.3.2. Árið 2014	21
6.3.3. Árið 2015	21
6.3.4. Árið 2016	21
6.4 Samantekt.....	21
Lokaorð.....	21
Heimildaskrá.....	23
Annað lesefni sem vinnuhópurinn kynnti sér.....	23
Fylgiskjöl	Error! Bookmark not defined.
Fylgiskjal 1	Error! Bookmark not defined.
I fundur	Error! Bookmark not defined.
Fylgiskjal 2	Error! Bookmark not defined.
II fundur	Error! Bookmark not defined.
Fylgiskjal 3	Error! Bookmark not defined.
III fundur	Error! Bookmark not defined.
Fylgiskjal 4	Error! Bookmark not defined.
IV fundur.....	Error! Bookmark not defined.
Fylgiskjal 5	Error! Bookmark not defined.
V fundur.....	Error! Bookmark not defined.
Fylgiskjal 6.....	Error! Bookmark not defined.
VI fundur.....	Error! Bookmark not defined.
Fylgiskjal 7	Error! Bookmark not defined.
VII fundur.....	Error! Bookmark not defined.
Fylgiskjal 8	Error! Bookmark not defined.
VIII fundur.....	Error! Bookmark not defined.
Fylgiskjal 9	Error! Bookmark not defined.
Stöðuskýrsla til Byggðarráðs	Error! Bookmark not defined.

Inngangur

Þegar stórir málaflokkar eru fluttir frá ríki til sveitarfélaga þá þarf að samræma og samþætta þjónustu til að hún nýtist þjónustugegum sem best og fjármagn sveitarfélagsins til þjónustunnar sé vel nýtt. Málefni fatlaðra voru flutt til sveitarfélaga árið 2011. Þá tók Borgarbyggð við þjónustu sem samþætta má annari þjónustu sem sveitarfélagið veitir. Hlutverk vinnuhóps er að rýna í stöðuna og móta framtíðarsýn, með það að markmiði að efla og styrkja þá þjónustu sem veitt er. Góð þjónusta, hagsýni, árangursríkt skipulag og ánægðir þjónustugegar eru markmið sem við höfum að leiðarljósi.

1. Skipan vinnuhóps

Byggðarráð Borgarbyggðar samþykkti á fundi 3. janúar 2013 erindisbréf vinnuhóps um málefni aldraðra í Borgarbyggð. Sveitarstjórn Borgarbyggðar staðfesti erindisbréf vinnuhópsins á fundi 10. janúar 2013 og skipaði aðila í vinnuhópinn.

Þeir sem mynda vinnuhópinn eru: Friðrik Aspelund (Vg), Guðbjörg Sigurðardóttir (B), Haukur Valsson (S), Hulda Hrönn Sigurðardóttir (D) og Sigurður Helgason (Eldriborgararáði).

Með vinnuhópnum starfa Hjördís Hjartardóttir, félagsmálastjóri og Páll S. Brynjarsson, sveitarstjóri.

1.1. Erindisbréf

Í erindisbréfi vinnuhópsins kemur fram að starfstími hans skuli vera frá 15. janúar til 15. apríl 2013. Á því tímabili skuli hann tvisvar skila stöðuskýrslu, annars vegar til Byggðarráðs og hins vegar til Velferðarnefndar.

Fyrsti fundur vinnuhópsins var haldinn 21. janúar og sá síðasti 12. apríl. Alls hélt hópurinn 8 fundi á tímabilinu. Á fyrsta fundi var Hulda Hrönn Sigurðardóttir kjörin formaður vinnuhópsins. Fundargerðir vinnuhópsins eru fylgiskjöl 1-8 með skýrslunni.

Stöðuskýrslu var skilað til Velferðarnefndar 6. mars og til Byggðarráðs 19. mars. Stöðuskýrslan er fylgiskjal 9.

Hlutverk vinnuhópsins var, skv. erindisbréfi:

- ❖ Að meta hvernig hægt væri að bæta þjónustu við eldri borgara með sem hagkvæmustum hætti.
- ❖ Að meta hvort samþætta mætti þjónustuna við þjónustu stofnana í Borgarbyggð sem sinna öldruðum.
- ❖ Að meta hvort samþætta mætti betur þjónustu við aldraða og fatlaða á vegum Borgarbyggðar.
- ❖ Að vinna tillögu að framtíðarskipan á þjónustu Borgarbyggðar við eldri borgara í sveitarfélaginu.

1.2. Markmið

Vinnuhópurinn setti sér markmið, grundvölluð á því hlutverki sem tilgreint er í erindisbréfi. Markmið vinnuhópsins eru að efla og auka þjónustuna til að gera öldruðum kleift að búa sem lengst á eigin heimili. Að samþætta þjónustu við aldraða bæði annari sambærilegri þjónustu sem sveitarfélagið veitir og jafnframt að skoða möguleikann á að samþætta alla öldrunarþjónustu í Borgarbyggð. Að efla og

auka þjónustuna í deifbýli og þéttbýli, auk þess að stuðla að því að öldruðum í þéttbýli standi til boða þjónusta allan sólarhringinn, alla daga ársins.

1.2.1. Vinnulag og leiðir

Vinnuhópurinn setti sér á fyrsta fundi markmið um gagnaöflun og vinnulag. Ákveðið var að ræða við forstöðumann búsetuþjónustu Skúlagötu 3, fulltrúa frá Brákarhlíð, fulltrúa frá Heilbrigðisstofnun Vesturlands og formenn beggja félaga eldri borgara. Heimsókn var ákveðin í búsetuþjónustuna og í félagsaðstöðuna að Brákarbraut 65. Gagna skyldi aflað frá félagsþjónustu Borgarbyggðar, frá sveitarfélögum sambærilegum við Borgarbyggð (þ.e. þar sem væri þéttbýli og dreifbýli), nágrennasveitarfélagi, sveitarfélögum sem hafa tekið að sér rekstur heilbrigðisþjónustu og hagtölum varðandi íbúafjölda í Borgarbyggð. Skoða skyldi áætlaða þróun mannfjölda í sveitarfélaginu, í samræmi við þá þróun sem verið hefur undanfarin ár, og áætla þjónustuþörf í samræmi við það. Skoðuð er þróun íbúafjölda og þjónusta við aldraða á árabílinu 2007 – 2013. Miðað er við árið 2007 því það er fyrsta heila rekstrarárið eftir síðustu sameiningu sveitarfélagsins.

Hópurinn hefur til hliðsjónar þær fjárveitingar sem ætlaðar eru til málaflokksins, en gerir jafnframt ráð fyrir því í sinni framtíðarsýn, að fjárveitingar verði auknar til þess að hægt verði að efla þjónustu við aldraða enn frekar.

1.3. Samantekt

Vinnuhópurinn skipa fulltrúar allra flokka í sveitarstjórn og fulltrúi frá eldri borgararáði. Markmið er að samþætta og efla þá þjónustu sem veitt er, og að nýta fjármagn til málaflokksins sem best. Vinnuhópnum ber að tilgreina framtíðarsýn í málaflokki og grundvalla þá vinnu á markvissri gagnaöflun bæði innan héraðs og utan.

2. Orðskýringar

Í köflunum hér á eftir eru notuð sértæk orð sem snúa að aðstoð við aldraða og fatlaða. Orðin eru flest lýsandi fyrir þá þjónustu sem þau standa fyrir, en merking þeirra vill vefjast fyrir fólki. Þess vegna töldum við rétt að útskýra þau.

Orðin og merking þeirra eru eftirfarandi:

Heimaþjónusta er samheiti fyrir heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu.

Heimahjúkrun er veitt af Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Til heimahjúkrunar teljast heimsóknir á heimili fólks þar sem veitt er aðstoð vegna t.d. meðferðar sára, lyfjatöku og böðunar og eftirlit með heilsufari. Heimahjúkrun er sinnt af hjúkrunarfræðingi eða sjúkraliða.

Félagsleg heimaþjónusta er í daglegu tali nefnt heimilishjálpi og er veitt af sveitarfélaginu. Í henni felast almenn heimilisþrif og aðstoð við heimilishald, aðstoð við persónulega umhirðu og félagslegur stuðningur.


Innlit er veitt af sveitarfélaginu. Innlit felst í stuttri heimsókn sem getur verið til að minna á lyfjatöku eða eitthvað þess háttar eða til að stytta fólki stundir og líta eftir að allt sé í lagi. Oftast er innliti sinnt af starfsmönnum heimilishjálpar.

Félagsleg liðveisla er þjónusta við fatlaða allt að 67 ára aldri. Þjónustan er veitt af sveitarfélaginu og tilgangur hennar er að aðstoða fatlaða til að njóta menningar og félagslífs og koma í veg fyrir félagslega einangrun.

Frekari liðveisla er þjónusta við fatlaða allt að 67 ára aldri. Þjónustan felur í sér margháttaða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun. Frekari liðveisla er veitt af sveitarfélaginu í umboði þjónustusvæðis Vesturlands, sem tók yfir þjónustu við fatlaða af Svæðisskrifstofu fatlaðra.


3. Tölulegar upplýsingar

Frá árinu 2007 hefur íbúum Borgarbyggðar fækkað um 241, eða næstum 6,5 %. Íbúum fjölgaði til ársins 2009, en fækkunin hefur verið nokkuð stöðug síðan. Þó mest á milli áráanna 2009 og 2010 eins og sjá má á mynd 1. Tölurnar eru fengnar af vef Hagstofu Íslands (www.hagstofan.is) og miðað er við íbúafjölda 1. janúar ár hvert.




Mynd 1: Íbúafjöldi í Borgarbyggð 2007 – 2013.

Íbúum Borgarbyggðar sem eru eldri en 67 ára, hefur fjölgað jafnt og þétt síðan árið 2007. Þeir voru 408 árið 2007 en 440 árið 2013 og hafði því fjölgað um 32. Eins og sjá má á mynd 2, er sú þróun ólík íbúafjöldapróun í Borgarbyggð.



Mynd 2: Íbúar Borgarbyggðar 67 ára og eldri árin 2007 – 2013.

Öldruðum mun fjölga hlutfallslega meira en öðrum þjóðfélagshópum næstu áratuginu, vegna þess að fæðingartíðni hefur lækkað og langlífi þjóðarinnar eykst. Sem dæmi má nefna að meðalaldur karla árið 2007 var 79,4 ár, en verður samkvæmt spá, 81,22 ár árið 2015. Meðalaldur kvenna var 82,9 ár árið 2007, en verður samkvæmt spá, 84,17 ár árið 2015. Fæðingartíðni í Borgarbyggð hefur ekki haldið í við aldursþróun í sveitarfélaginu, þ.e. öldruðum fjölgar hlutfallslega meira, eins og sjá má á mynd 3. Tölur um fæðingartíðni árið 2013 eru skiljanlega ekki aðgengilegar ennþá.



Mynd 3: Bláa línan sýnir fjölda 67 ára og eldri, en sú rauða sýnir fæðingartíðni.

Þegar verið er að huga að þjónustu fyrir aldraða, skiptir máli að skoða hver aldursamsetning hópsins, 67 ára og eldri er. Það eru fáir á aldrinum 67 – 70 ára sem þurfa þjónustu, en hlutfallslega fleiri í aldurshópnum 75 ára og eldri. Á mynd 4 má sjá skiptingu eftir aldri árin 2007, 2010 og 2013.



Mynd 4: Aldursskipting íbúa 67 ára og eldri.

3.1. Samantekt

Íbúum Borgarbyggðar fækkaði á árabílinu 2007 – 2013. Íbúum eldri en 67 ára hefur fjölgað á sama tímabili. Fæðingartíðni er lægri en hlutfallsleg fjölgun aldraðra á sama tímabili.

4. Lög um málefni aldraðra

Lög þau er gilda um málefni aldraða ná bæði yfir þátt ríkisins og sveitarfélaga, því einungis hluti af málefnum aldraðra er á forsjá sveitarfélaga. Lög sem gilda um tekjustofna aldraðra eru ekki til umfjöllunar hér, einungis þau sem snúa að þjónustu við aldraða.

4.1 Lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007

Tilgreind er sú fjárhagslega aðstoð sem lífeyrisþegar geta óskað eftir frá ríkinu, t.a.m. heimilisuppbót.

4.2 Lög um félagslega þjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

Samkvæmt lögnum skal stuðla að því að aldraðir fái aðstoð til þess að geta búið sem lengst á eigin heimili. Þjónustan skal vera sveigjanleg til að hún henti sem best þörfum hvers einstaklings. Hentugt

húsnæði skal vera í boði, fyrir þá sem þess þurfa, og einnig stofnanþjónusta þegar kemur að því að aldraðir þurfi á slíkri þjónustu að halda. Stuðla skal að félagsstarfi og styðja aldraða til þátttöku.

4.3 Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999

Samkvæmt lögnum er áherslan á rétt aldraðra til að taka ákvarðanir er varða eigin málefni og að þeir njóti jafnréttis við aðra þjóðfélagsþegna. Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð og veita skal þjónustu virka daga, kvöld, nætur og um helgar. Aldraðir eiga rétt á þjónustu sem stuðlar að því að þeir geti búið eins lengi á eigin heimili og mögulegt er. Jafnframt að þegar aldraðir þurfi á þjónustu stofnana að halda, þá skuli hún vera til staðar.

4.4 Samantekt

Lög þau er varða málefni aldraðra leggja áherslu á sjálfsákvörðunarrétt, stuðning til sjálfstæðrar búsetu og þátttöku í skipulögðu félagsstarfi. Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð, sólarhringsþjónusta, og metin úr frá þjónustupörf einstaklings hverju sinni. Sértekari úrræði, t.a.m. hentugt húsnæði og stofnanþjónusta skal vera til staðar.

5. Þjónusta

Stefnt var að því að öldrunarþjónusta flyttist til sveitarfélaganna árið 2012. Af því varð ekki og ákvörðun hefur ekki verið tekin um hvenær sú yfirfærsla verður. Heimahjúkrun er veitt af heilbrigðisstofnunum, en ekki er enn ljóst hvenær eða hvort rekstur heilsugæslu færist frá ríki til sveitarfélaga. Sveitarfélögin Hornafjörður og Akureyri hafa tekið þá þjónustu yfir, sem tilraunasveitarfélög. Sú yfirfærsla var skv. lögum um reynslusveitarfélög nr. 82/1994 en þau lög voru felld úr gildi árið 2002. Tilgangur þess að sveitarfélag taki yfir þessa starfsemi er að með slíkri samþættingu sé hægt að veita betri þjónustu, draga úr kostnaði með því að einfalda stjórnun, og efla starfsemina (Stefna sveitarfélagsins Hornafjarðar í heilbrigðis- og öldrunarmálum, 2002). Öll þessi málefni tilheyra einu ráðuneyti, ráðuneyti Velferðarmála. Rannsóknir hafa sýnt að minnkandi félagslegur stuðningur og óöryggi eykst með hækkandi aldri einstaklinga. Samþætting þjónustu eykur gæði þjónustunnar, dregur úr kostnaði við þjónustuna og auðveldar einstaklingum að fá þá þjónustu sem þeir þurfa (Guðrún Björk Reykdal, 2010).

5.1 Þjónustan í Borgarbyggð

Þrjár aðilar í Borgarbyggð koma að þjónustu við aldraða; Hjúkrunar- og dvalarheimilið Brákarhlíð, Heilbrigðisstofnun Vesturlands og sveitarfélagið Borgarbyggð. Þessir aðilar vinna saman og leitast er við að samræma þá þjónustu sem öldruðum stendur til boða. En hver aðili sinnir sínum hluta þjónustunnar.

Hér verður skilgreindur hver hluti, en jafnframt tilgreint samstarf aðila.

5.1.1. Hjúkrunar- og dvalarheimilið Brákarhlíð

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Brákarhlíð er sjálfseignarstofnun, sem var stofnuð árið 1968. Í Brákarhlíð eru 32 hjúkrunarrými og 18 dvalarrými, sem jafnan eru fullnýtt. Hvíldarinnlagnarrými eru tvö talsins og dagdvalarrými þrjú. Jafnan er full nýting allra rýma á ársgrundvelli, en þörfin er þó

mismunandi eftir árstímum. Mest er þörfin á á haustin, en minnst á sumrin. Þörf er fyrir fleiri rými og þeim fjölga sem eru í þörf fyrir hjúkrunarrými þegar þeir flytjast á hjúkrunar- og dvalarheimilið.

Brákarhlíð sér um neyðarþjónustu í þeim þjónustuíbúðum sem eru í sveitarfélaginu; að Borgarbraut 65a og við Ánahlíð.

Útlit er fyrir óbreytt starf næstu árin. Nýbygging og endurbætur á eldra húsnæði eru vel heppnaðar og aðstaða heimilismanna batnar til mikill muna. Rúmgóð og björt einbýli hafa verið tekin í notkun, í nýbyggingunni og þannig verður aðstaðan fyrir alla heimilismenn þegar framkvæmdum lýkur, í febrúar 2014. Fjölga þarf hvíldarinnlagna-, dagdvalar- og hjúkrunarrýmum til að mæta aukinni þörf.

5.1.2. Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Heilbrigðisstofnun Vesturlands veitir heimahjúkrun alla virka daga kl. 8-16. Almenn hjúkrunarþjónusta og aðstoð er við lyfjagjöf. Heimahjúkrun er að jafnaði veitt einu sinni í viku í dreifbýli en eftir þörfum í Borgarnesi og getur farið svo að það sé daglega. Heimahjúkrun í dreifbýli getur verið veitt oft en einu sinni í viku, tímabundið. Hjúkrunarfræðingur eða sjúkraliði sinnir heimahjúkrun. Engum er neitað um heimahjúkrun, en erfitt getur verið að sinna þjónustu oft en einu sinni í viku í dreifbýli, einkum þar sem um langan veg er að fara. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra og yfirhjúkrunarfræðingi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE) er fjöldi þjónustuega um það bil 50 á ári, og hefur verið svipaður undanfarin ár. Þeim hefur þó heldur fjölgað í dreifbýli en fækkað í þéttbýli. Þörf fyrir heimahjúkrun er mismunandi eftir árstímum.

Útlit er fyrir svipaða þjónustu næstu árin. Stefna stjórnvalda er að minnka stofnanarþjónustu og auka heimahjúkrun. Fjármagn fylgir ekki þeirri stefnu, enn sem komið er, en líkur eru á að þjónustuegum fjölgi.

Leitað var upplýsingar um hvort HVE væri tilbúin til samstarfs við sveitarfélagið varðandi heimahjúkrun allan sólarhringinn í þéttbýli, sbr. þá þjónustu sem veitt er á Akranesi. Svarið var að slíkt mætti skoða. Þó þarf að gæta þess að þeir starfsmenn sem sinni þeirri þjónustu hafi menntun á heilbrigðisviði (hjúkrunarfræðingar eða sjúkraliðar).

5.1.3 Sveitarfélagið Borgarbyggð

Félagsmálastjóri hefur yfirumsjón með skipulagningu og framkvæmd þeirrar aðstoðar sem öldruðum er veitt, og þeirrar afþreyingar sem stendur öldruðum til boða. Jafnframt sjá félagsmálastjóri og félagsráðgjafi um ráðgjöf við aldraða, s.s. vegna samskipta við Tryggingastofnun, lífeyrissjóði o.fl. og leiðbeina og aðstoða eftir þörfum.

5.1.3.1. Heimilishjálp, akstur og heimsendur matur

Heimilishjálp annast þrif, aðstoð við heimilishald, útréttingar og persónulegan stuðning.

Aldraðir geta fengið heimilishjálp, virka daga kl. 8 – 16, að jafnaði en þó sveigjanlegt, og reynt er að koma til móts við óskir þjónustuega. Misjafnt er hve heimilishjálp er veitt oft í viku, það fer fyrst og fremst

eftir þörf fyrir þjónustuna. Árið 2012 var heimilishjálp veitt á 90 heimili hjá öldruðum. Af þessum heimilum eru 24 í dreifbýli.

Ferðaþjónusta er í boði fyrir aldraða í öllu sveitarfélaginu, skv. reglum Borgarbyggðar um ferðaþjónustu. Alla virka daga er akstur kl. 7:30 til 18:00. Utan þess tíma er þjónusta eftir óskum notenda, og greitt er hærra gjald fyrir þá þjónustu. Miðað er við akstur innan sveitarfélagsins, en þó er fólki ekið til lækninga á Akranes, ef unnt er. Notkun á ferðaþjónustu hefur aukist mikið undanfarin ár.

Lítill reynsla er komin á innlit, enn sem komið er, en sveitarfélagið rekur sólarhringsþjónustu í búsetukjarna fyrir fatlaða, að Skúlagötu 3, og innlit er nýtt verkefni sem starfsfólk þar sinnir. Hægt var að bæta inn þessu verkefni án þess að fjölga stöðugildum.

Aldraðir í Borgarnesi geta fengið heimsendan mat í hádeginu, alla daga ársins. Ef þörf er fyrir heimsendan mat í dreifbýli, er reynt að verða við því ef mögulegt er. Maturinn er keyptur af Brákarhlíð og eldaður þar. Þar er einnig eldaður matur sem seldur er í félagsaðstöðunni. Sjá kafla 5.1.3.2. Starfsfólk búsetuþjónustunnar við Skúlagötu sér um útkeyrslu matarbakka. Þjónustuþegar greiða ekki fyrir heimsendinguna.

5.1.3.2. Félagsstarf

Félagsstarf aldraðra er staðsett að Borgarbraut 65a. Þar er opið allt árið, en skipulögð dagskrá einungis yfir veturinn. Veitingar eru seldar gegn vægu gjaldi í félagsaðstöðunni og starfsmaður á vegum sveitarfélagsins sér um þær, auk þess að halda utan um þá starfsemi sem er í gangi hverju sinni. Yfirleitt eru 15 – 25 manns sem nýta sér þá þjónustu. Almenn ánægja hefur verið með félagsstarfið, en þess bera að geta að það er bæði í boði fyrir aldraða og öryrkja. Þó hefur verið nefnt að viðfangsefnin í félagsstarfinu þyrftu að vera fjölbreyttari. Til dæmis vantaði grófvinnu (smíðar o.þ.h.), en yfirdrifið nóg væri af fínlegri handavinnu. Viðfangsefnin ráðast þó af því húsnæði sem starfsemin hefur til umráða. Þeir sem sækja félagsstarfið hafa valið þrjá einstaklinga, sem ásamt starfsmanni sveitarfélagsins að Borgarbraut 65a og félagsmálastjóra, sjá um að skipuleggja starfsemina hverju sinni.

5.1.3.3 Þjónustuíbúðir

Sveitarfélagið á sjö félagslegar íbúðir sem eru sérstaklega ætlaðar fyrir aldraða og/eða öryrkja, svokallaðar þjónustuíbúðir. Þær eru allar staðsettar í Borgarnesi. Fjórar þeirra eru staðsettar í blokkinni við Borgarbraut 65a og þrjár við Ánahlíð. Til þess að geta fengið íbúð hjá sveitarfélaginu á leigu þarf viðkomandi að uppfylla skilyrði til þess að eiga rétt á félagslegu húsnæði.

Upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins eru sóttar í ársskýrslur félagsþjónustunnar 2007 – 2012 (www.borgarbyggd.is 2013a)

5.1.4 Samstarf

Fulltrúar frá þessum þremur aðilum; Brákarhlíð, Heilbrigðisstofnun Vesturlands og Borgarbyggð, vinna saman að samþættingu og skipulagningu þjónustu við aldraða. Þeir hittast á fundi einu sinni í mánuði, ræða þar um þjónustuna og reyna að samþætta til að mæta sem best þörf skjólstæðinga. Færni og

heilsuáttarnefnd starfar fyrir allt heilbrigðisumdæmið og hefur aðsetur í Borgarnesi. Sú nefnd fer yfir umsóknir um allar innlagnir á hjúkrunar- og dvalarheimili. Í þessari nefnd sitja í dag yfirhjúkrunarfræðingur HVE í Borgarnesi, öldrunarfulltrúi frá Akranesi, heimilislæknir frá Hólmavík og starfsmaður nefndarinnar sem vinnur á HVE í Borgarnesi.

5.1.5 Áætluð þróun næstu árin

Sveitarfélagið Borgarbyggð tók við málefnum fatlaðra frá ríkinu árið 2011. Eitt af markmiðum vinnuhópsins er að samþætta þjónustu við aldraða þeirri þjónustu sem fyrir er í sveitarfélaginu. Liggur þá beint við að líta til málefna fatlaðra, því sumt í þessum málaflokkum er nú þegar sameiginlegt, til dæmis ferðaþjónustan, matarsendingar og heimilishjálpin. Með samþættingu er ekki einungis verið að líta til sparnaðar í málaflokknum, heldur þess að nýta fjármuni betur með það að markmiði að geta veitt betri þjónustu. Búsetuþjónustan við Skúlagötu hefur tekið að sér akstur á matarbökkum til aldraðra og séð um innlit til aldraðra utan dagvinnutíma þar sem þess er þörf. Innlit utan dagvinnutíma, er nýtt af nálinni og lítil reynsla komin á það. Búast má við því að þörfin fyrir innlit utan dagvinnutíma, aukist á næstu árum, því það er einn þáttur þess að stuðla að sjálfstæðri búsetu aldraðra í eigin húsnæði sem lengst.

5.2. Þjónustukönnun

Sveitarfélagið Borgarbyggð hefur tekið þátt í þjónustukönnun á vegum Capacent Gallup undanfarin ár. Nýleg könnun, frá hausti 2012, sýnir að ánægja er með þá þjónustu við aldraða sem félagsþjónustan veitir. Sambærileg niðurstaða hefur fengist úr þessari sömu könnun áður. Samanburður er gerður á þjónustu sveitarfélaga og Borgarbyggð hefur komið vel út úr þeim samanburði varðandi þjónustu við aldraða. (Sveitarfélagið Borgarbyggð, 2013b).

En þó er alltaf eitthvað sem þarfnast skoðunar og ef til vill lagfæringar. Sem dæmi um það má nefna þá aðstoð sem veitt er í dreifbýlinu og framboð af leikfimi og félagsstarfi fyrir aldraða.

5.3 Félög eldri borgara

Tvö félög eldri borgara eru starfandi í Borgarbyggð. Það eru Félag aldraðra í Borgarfjarðardölum og Félag eldri borgara í Borgarnesi og nágrenni. Félögin halda fundi með reglubundnum hætti á veturna. Þar er ýmislegt til gamans gert. Að auki hafa félögin staðið að ýmsum verkefnum, til að mynda verkefnum sem stuðla að aukinni hreyfingu og heilbrigði, auk skráningar örnefna. Í samtali við fulltrúa í stjórnnum beggja félaganna kom fram áhersla á að sveitarfélagið stuðli að aukinni heilsuefingu aldraðra í sveitarfélaginu. Það mætti til dæmis gera með því að greiða niður leikfiminámskeið fyrir aldraða víða í sveitarfélaginu og stuðla að því að slík námskeið væru haldin. Auk þess mætti bjóða upp á fjölbreyttari námskeið, bæði innandyra og utan.

Fulltrúar eldri borgara lögðu mikla áherslu á að boðið yrði upp á sólarhringsþjónustu í þéttbýli, alla daga ársins. Þeir sem þyrftu slíka þjónustu myndu þá flytja í þéttbýli því slíka þjónustu yrði ekki hægt að veita í dreifbýli. Fleiri þjónustuíbúðir yrðu byggðar í Borgarnesi, það væri mesta öryggið í þeim ef þær eru nálægt heilsugæslu og dvalarheimili. Skoða þyrfti byggingu á litlum leiguíbúðum fyrir aldraða í byggðakjörnum í sveitarfélaginu. Líklegt er að hægt væri að setja inn meiri og betri þjónustu ef fleiri þjónustuþegar eru á sama blettinum. Það væri auk þess af því félagsskapur og aldraðir þyrftu ekki að yfirgefa sína heimasveit fyrr en þeir vildu sjálfir.

Skoða þyrfti byggingu á íbúðum fyrir 60 ára og eldri í Borgarnesi. Eldra fólk gæti þá minnkað við sig og flutt í þægilegar íbúðir, með húsvörslu. Mikilvægt er að slíkt húsnæði sé í göngufæri við félagsaðstöðu á vegum sveitarfélagsins.

Fulltrúar félaga aldraðra tilgreindu sérstaklega að auglýsa þyrfti betur þá þjónustu og það félagsstarf sem væri í boði fyrir aldraða. Best væri að komið væri upp einu þjónustunúmeri, þar sem hægt væri að fá upplýsingar og pantana/afpanta þjónustu.

Almenn ánægja er með þá þjónustu sem veitt er og þeim starfsmönnum Borgarbyggðar er koma að þjónustu við aldraða var hrósað sérstaklega fyrir vel unnin störf, þjónustulund og gott viðmót.

5.4. Samantekt

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Brákarhlíð, Heilbrigðisstofnun Vesturlands og sveitarfélagið Borgarbyggð vinna sameiginlega að því að sinna þjónustu við aldraða í sveitarfélaginu sem best. Hver þjónustueining ber ábyrgð á ólíkum þáttum þjónustunnar, en samvinnan felst í fundum þar sem aðstoð er skipulögð, til að þjónustan nýtist notendum sem best en skörun verði sem minnst.

Þjónustukönnun Capacent Gallup leiðir í ljós að ánægja er með þá þjónustu við aldraða sem sveitarfélagið veitir. Þetta taka fulltrúar félaga eldri borgara undir. Þeir benda jafnframt á að áherslan eigi að vera sú að aldraðir fái þjónustu til að geta búið á eigin heimili eins lengi og þeir sjálfir kjósa. Hvetja þurfi aldraða til þátttöku í fjölbreyttu félagsstarfi og stuðla að heilsueflingu.

6. Framtíðarsýn

Vinnuhópur um málefni aldraðra hefur skoðað frá hinum ýmsu hliðum hvaða þjónusta er veitt, hvert samstarf þjónustuaðila er, óskir notenda um þjónustu, kostnað við þjónustu og í framhaldinu af því myndað framtíðarsýn í málaflokknum. Rætt hefur verið við ýmsa aðila og rýnt í gögn úr ýmsum áttum, eins og fram kemur í kafla 1.2.1. Stefnan, samkvæmt lögum, er að aldraðir fái þá þjónustu sem þarf til að geta búið sem lengst á eigin heimili.

Bæði þjónustuveitendur og þjónustuþegar telja afar mikilvægt að sólarhringsþjónusta verði í boði í Borgarnesi. Hvort það þarf að vera heimahjúkrun eða innlit frá starfsmanni sveitarfélagsins, fer eftir þörf hverju sinni. Fulltrúar Heilbrigðisstofnunar Vesturlands tóku vel í að skoða samstarf um þessa þjónustu, þ.e. kostnaðarhlutdeild, en þarfagreining þarf að liggja fyrir áður en farið yrði í slíkar viðræður.

Auka þarf framboð á þjónustuíbúðum og litlum íbúðum sérstaklega fyrir aldraða. Þjónustuíbúðir sem eru utan félagslega kerfisins eru nauðsyn, því einstaklingar í þörf fyrir slíkt húsnæði uppfylla ekki alltaf þau

skilyrði sem sett eru varðandi félagslegt húsnæði. Sveitarfélagið þyrfti ekki sjálft að byggja íbúðir, heldur stuðla að byggingu þeirra.

Til þægindaauka fyrir notendur og til að efla þjónustu við aldraða þarf að ráða til starfa aðila sem starfar sérstaklega að þessum málaflokki. Stofna þarf eitt þjónustunúmer þar sem notendur geti sótt upplýsingar um þjónustu og pantað/afpantað þjónustu. Starfshlutfall ræðst af umfangi starfs, en ætla má að fullt starf sé nauðsyn til að ná að sinna verkefnum í þessum málaflokki. Viðkomandi myndi þá starfa með tenglum innan annara stofnana sem koma að öldrunarþjónustu. Þetta er nánar útskýrt í kafla 6.1.

Til að ná þeim markmiðum að auka og bæta þjónustuna þarf að auka fjárveitingar til málaflokksins, því þó vinnuhópurinn sé að leggja til samþættingu þá er einnig verið að efla þjónustuna og bæta við þjónustu sem ekki hefur verið í boði.

6.1. Hugmyndir að framtíðarskipulagi


Vinnuhópurinn hefur teiknað upp tvær mismunandi tillögur að framtíðarskipulagi þjónustu við aldraða í Borgarbyggð. Horft er til þess að samþætta þjónustuna sem best við þá þjónustu sem fyrir er, auk þess sem skoðað var það skipulag sem vinnuhópur um samþættingu öldrunarþjónustu á starfssvæði Dvalarheimilis aldraðra í Borgarnesi (nú Hjúkrunar- og dvalarheimilið Brákarhlíð) vann árið 2011 (Brákarhlíð, hjúkrunar – og dvalarheimili, www.dab.is, 2013).

Auk þess að samþætta, leggur vinnuhópurinn áherslu á að gera þjónustuna notendavænni, með því að einfalda aðgengi að allir þjónustu í gegnum eitt þjónustunúmer. Tillögurnar tvær snúa annars vegar að samþættingu við þá þjónustu sem sveitarfélagið sinnir og hins vegar að samþættingu við starfsemi Brákarhlíðar.

6.1.1. Borgarbyggð veitir þjónustuna áfram

Sveitarfélagið myndi skipuleggja félagsþjónustuna á annan hátt en er í dag. Starfi yfirmanns búsetuþjónustu við Skúlagötu 3 yrði breytt í starf forstöðumanns búsetuþjónustu fyrir allt sveitarfélagið. Viðkomandi myndi ráðast í skipurit Borgarbyggðar sem undirmaður félagsmálastjóra, en yfirmaður þeirra starfsmanna er sinna þjónustu við aldraða og fatlaða; heimilishjálp, frekari liðveisla og félagsleg liðveisla, akstur og félagsstarf. Röðun í skipurit má sjá á mynd 5.


Með forstöðumanni búsetuþjónustu myndu starfa tenglar hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands og Brákarhlíð. Mikilvægt er að ákveðinn starfsmaður innan viðkomandi stofnana sé samstarfsaðilinn, til að skapa sem besta festu í upplýsingagjöf.



Mynd 5: Nýtt skipurit þess hluta fjölskyldusviðs í Borgarbyggð, er snýr að velferðarmálum.

Forstöðumaður búsetuþjónustu hefði umsjón með þjónustunúmeri og myndi vinna að því að samþætta þá þjónustu sem veitt er af þessum þremur aðilum. Deildarstjóri er starfandi í búsetuþjónustunni við Skúlagötu 3. Hann myndi sjá um daglegan rekstur þeirrar einingar, og starfa undir stjórn forstöðumanns búsetuþjónustu.

Forstöðumaðurinn hefði umsjón með endurmenntun starfmannanna á sínu sviði. Einnig hefði hann umsjón með samráðsfundum, til að samþætta og nýta sem best þjónustu sem veitt er af fleiri en einum aðila inn á sama heimilið. Viðkomandi myndi hafa starfsaðstöðu að Borgarbraut 65 og myndi hafa umsjón með öllum kynningarmálum er varða þennan málaflokk. Tengsl við samstarfsaðila má sjá á mynd 6.



Mynd 6: Samstarfsaðilar forstöðumanns búsetuþjónustu.

Kostir og gallar þess að velja þetta skipulag

Kostir:

- ✚ Samþætting við málefni fatlaðra, sem gefur möguleika á betri þjónustu við bæði aldraða og fatlaða.
- ✚ Samþætting eykur líkur á þéttara neti þjónustu til handa hverjum einstaklingi
- ✚ Starfshlutfall í búsetuþjónustu við Skúlagötu 3 nýtist fleirum, því innlit má auka og minnka þá heimilishjálpi á móti .
- ✚ Möguleiki á innliti á kvöldin og á frídögum.
- ✚ Ráðinn er starfsmaður sem þegar er í starfi hjá sveitarfélaginu og hefur starfað sem yfirmaður.
- ✚ Léttir á starfi félagsmálastjóra sem er nú þegar „yfirfullt“, því reynt var að bæta sem mestu á félagsmálastjóra til að minnka aukinn starfsmannakostnað við yfirfærslu á málefnum fatlaðra.
- ✚ Búin eru til fjölbreyttari og þar af leiðandi eftirsóttari störf við búsetuþjónustuna við Skúlagötu.

Gallar:

- ✚ Ráða þarf í nýtt starf, að hluta, eða auka starfshlutfall.
- ✚ Reikna má með auknum launakostnaði

Starf forstöðumanns búsetuþjónustu krefst mikils samstarfs við ýmsa ólíka aðila. Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum skipta miklu máli. Á mynd 6, hér að framan, má sjá tengsl deildarstjóra öldrunar- og fötlunarmála við hina ýmsu samstarfsaðila. Þess ber að geta að undir einum kassa á myndinni getur verið einn starfsmaður eða margir starfsmenn.


6.1.2. Samið yrði við Brákarhlíð um að sinna þjónustunni

Sveitarfélagið myndi semja við hjúkrunar – og dvalarheimilið Brákarhlíð um að sinna þjónustu við aldraða og einnig við fatlaða á aldrinum 18 – 67 ára. Það má í raun líta á þessi þjónustukaup á tvo vegu. Annars vegar að samið yrði um það sem tilgreint er hér að framan, en hins vegar að samningurinn snúi eingöngu að þjónustu við aldraða, þá eftir að málefni aldraðra flytjast alfarið til sveitarfélagsins. Enn einn möguleikinn væri að sveitarfélagið tæki við málefnum aldraðra og heilsugæslunni og hjúkrunar- og dvalarheimilinu Brákarhlíð yrði falið að sinna þeirri þjónustu. En þetta er framtíðarsýn sem ekki er í augsýn ennbá og mörg ár gætu liðið þar til af þessari yfirfærslu málefna til sveitarfélaga yrði. Þessir möguleikar munu því ekki verða útfærðir frekar hér.

Sett er upp hugmynd að þjónustukaupum varðandi aldraða og varðandi fatlaða á aldrinum 18 – 67 ára. Þess má geta að fulltrúar aldraðra, sem rætt var við, lögðu áherslu á að best væri að þjónusta við aldraða yrði staðsett á sama stað, nálægt heilsugæslustöð og dvalarheimili. Sjá kafla 4.3.

Ástæða þess að skoðuð er yfirfærsla á málefnum bæði aldraðra og fatlaðra, er að við teljum það óhagstætt fyrir sveitarfélagið og þjónustuþega að þessar einingar, þ.e. þjónusta við aldraða og þjónusta við fatlaða yrðu aðgreindar. Þessi þjónusta er samtvinnuð að hluta til nú þegar, t.a.m. akstursþjónustan, liðveisla og heimilishjálp. Það væri hugsanlegt að aðskilja þessa þjónustu í þéttbýli, þar sem um er að ræða stuttar vegalengdir og fleiri þjónustuþega, en sveitarfélagið er víðfemt og vegalengdir í dreifbýli og á milli þéttbýliskjarna því miklar. Þannig að ef starfsmenn sveitarfélagsins ættu eingöngu að sinna fötluðum, þá myndi starfshlutfall minnka og starfsfólki fækka. Þeir starfsmenn sem eftir yrðu, þyrftu því að aka lengri vegalengdir til að sinna þjónustuþegum.

Hugmynd að skipuriti þjónustunnar má sjá á mynd 7. Undir heitinu Brákarhlíð er öll núverandi starfsemi hjúkrunar- og dvalarheimilisins. Óþarft er að tilgreina það sérstaklega í þessari skýrslu, því samningur sveitarfélagsins myndi ekki snúa að þeirri starfsemi sem fyrir er, heldur því að bæta við þá starfsemi.



Mynd 7: Þjónustan sem yrði keypt af Brákarhlíð

Starfsfólk Brákarhlíðar hefur mikla reynslu af vinnu með öldruðum, en með þessari hugmynd er verið að bæta við aldurshópi frá 18 – 67 ára. Einstaklingum sem þurfa oft annars konar þjónustu en aldraðir. Bæta þyrfti við sérhæfðu starfsfólki, t.a.m. félagsfræðingi, sálfræðingi og þroskaþjálfara.

Kostir og gallar þess að velja þetta skipulag:

Kostir:

- ✚ Starfsfólk Brákarhlíða er sérhæft í öldrunarmálum
- ✚ Mest öll þjónusta við aldraða og fatlaða (frá 18 ára aldri) í sveitarfélaginu væri veitt af sama aðilanum.
- ✚ Öll þjónusta við aldraða, nema heimahjúkrun, væri skipulögð af sama aðila.
- ✚ Störfum hjá sveitarfélaginu fækkar vegna meiri aðkeyptrar þjónustu.

Gallar:

- ✚ Störfum hjá sveitarfélaginu fækkar og/eða starfshlutfall minnkar.
- ✚ Þjónusta við fatlaða yrði veitt af tveimur aðilum (yngri en 18 ára og eldri en 18 ára).

- ✚ Sveitarfélagið hefur minna um það að segja hvaða þjónustu (lögbundna sem og viðbótarþjónustu) fjölmennur hluti íbúa fær.
- ✚ Ungt fatlað fólk þyrfti að sækja þjónustu til öldrunarstofnunar.

Þessi síðasti liður sem tilgreindur er sem galli, er afar mikilvægur. Það er neikvætt að ætla fötluð fólk, í yngri kantinum, að sækja þjónustu til öldrunarstofnunar. Slíkt getur reynst þeim íþyngjandi og haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd. Aðilar í vinnuhópnum eru sammála um að þessi samþætting á málefnum aldraðra og fatlaðra sé ekki heppileg. Betra er að setja það markmið að þegar málefni aldraðra verði flutt til sveitarfélaga, þá byrji sveitarfélagið á að skoða samþættingu allra öldrunarmála við þjónustu Brákarhlíðar. Það myndi efla þjónustu við aldraðara að þetta væri samþætt og starfinu sinnt af fólkum sem sérþekkingu á málefnum aldraðra.

6.2. Samantekt og niðurstaða

Þessir tveir valkostir eru báðir vel til þess fallnir að veita öldruðum í Borgarbyggð góða þjónustu. En það að semja við öldrunarstofnun um þjónustu við fatlaða einstaklinga, einkum í yngri kantinum, er neikvætt. Vinnuhópurinn leggur til að sú leið verði valin að Borgarbyggð sinni þessari þjónustu áfram, eins og tilgreint er í kafla 5.1.1. Þannig næst góð samþætting í þeirri þjónustu sem Borgarbyggð veitir og reynsla er komin á að það gengur vel. Við teljum það hentugra fyrir sveitarfélagið, og þjónustuþega, að það haldi sjálft úti þessari þjónustu. Þegar málefni aldraðra verði flutt til sveitarfélagsins, þá verði kannaður áhugi Brákarhlíðar á að taka alfarið yfir heildarþjónustu við aldraða.

6.3. Framtíðarsýn – þrepaskipt áætlun

Til þess að auðvelda það að hugmyndir komist til framkvæmda er gott að skipta þeim niður í nokkur þrep. Sumt kemst hugsanlega til framkvæmda á áætluðum tíma, en öðru er frestað um óákveðinn tíma. Þrepaskipting þessi byggir á því hvað vinnuhópurinn telur að sé raunhæft. Sumt sem lagt er til, er alfarið framkvæmt af sveitarfélaginu en annað á þann veg að sveitarfélagið hvetji til framkvæmda. Þessar framkvæmdir fela margar í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélagið, en eru til þess fallnar að auka þjónustu við aldraða og gera þeim kleift að búa sem lengst á eigin heimili. Það sem lagt er til fyrir árið 2013 rúmast innan fjárhagsáætlunar málaflokksins en reiknað er með viðbótarfjármagni til málaflokksins frá árinu 2014. Forgangsraðað er varðandi hvert ár.

6.3.1. Árið 2013

- Starfsmenn í búsetuþjónustunni við Skúlagötu, sinni innliti utan dagvinnutíma, eftir þörfum, alla daga í Borgarnesi.
- Þjálfun og endurmenntun starfsmanna í búsetuþjónustunni varðandi þessa nýju þjónustu sem bætist við starf þeirra.
- Greidd yrðu niður æfingakort í leikfimi sem sérstaklega er ætluð öldruðum. Stuðlað að því að slík námskeið yrðu haldin á fleiri stöðum í sveitarfélaginu, en einungis í Borgarnesi. Niðurgreiðslan yrði sambærileg við þá niðurgreiðslu sem er í íþróttamiðstöðvum sveitarfélagsins.

d) Áfram verði gefið verði út árlegt fréttabréf með stóru lettri, þar sem tilgreind er þjónusta og afþreying sem er í boði fyrir aldraða.

e) Stuðlað verði að aukinni notkun salar á Borgarbraut 65a. Þar yrðu leikfiminámskeið og önnur hreyfing. Kór aldraðra fengi æfingaaðstöðu í salnum, án endurgjalds.

6.3.2. Árið 2014

a) Ráðinn verði framkvæmdastjóri búsetuþjónustu í öllu sveitarfélaginu. Starfshlutfall er 100 %. Hann tæki til starfa í byrjun árs.

b) Eitt þjónustunúmer yrði tekið í notkun.

6.3.3. Árið 2015

a) Tekið yrði í notkun stærra húsnæði fyrir félagsaðstöðuna, þar sem möguleiki er á meiri „grófvinnu“. Staðsetning væri nálægt núverandi félagsaðstöðu.

b) Stuðla að fjölgun þjónustuíbúða í eigu sveitarfélagsins. Bæði íbúðum sem eru innan og utan félagslega kerfisins.

c) Stuðlað yrði að byggingu 60+ íbúða eða fleiri þjónustuíbúða í Borgarnesi.

6.3.4. Árið 2016

a) Stuðlað að byggingu lítilla leiguíbúða, fyrir 60+, í þéttbýliskjörnum utan Borgarness. Við staðsetningu byggingarlóða skal horft til þess hvaða þjónusta er í nágrenninu.

6.4 Samantekt

Við forgangsröðun er tekið mið af því hvað nýtist sem flestum og hvernig efla má þjónustuna. Miðað er við að verkefni þessa árs rúmist innan þess fjárhagsramma sem þegar hefur verið gerður. Þær breytingar sem lúta að nýju starfi/starfshlutfalli og þjónustunúmeri yrðu undirbúnar á þessu ári.

Lokaorð

Framtíðarsýn miðar að því að efla þjónustuna og gera hana notendavænni. Einstaklingsmiðuð þjónusta er það sem koma skal og sveitarfélagið á að reyna að veita hana eftir fremsta megni. Þegar leitað er leiða við að samþætta þjónustu til að hún nýtist þjónustuþegum sem best, og sé hagkvæm í rekstir fyrir þann sem veitir þjónustuna, þá þarf alltaf að hafa það að markmiði að þjónustuþegi sé ánægður með þá þjónustu sem hann fær.

Heimildaskrá

Brákarhlíð hjúkrunar- og dvalarheimili (2011). *Skýrsla unnin að frumkvæði DAB um stefnumótun í málefnum aldraðra*. Sótt 3 febrúar 2013 af http://www.dab.is/Files/Skra_0052233.pdf

Guðrún Björk Reykdal. 2010. *Sambætting heilbrigðis- og félagsþjónustu*. MA- ritgerð. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Sótt 15. febrúar 2013 af <http://skemman.is/stream/get/1946/5990/17210/1/MA-ritgerd-13.05.10.pdf>

Hagstofa Íslands. www.hagstofan.is

Lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007

Lög um félagslega þjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999

Sveitarfélagið Borgarbyggð. 2013a. *Ársskýrslur félagsþjónustu Borgarbyggðar frá 2007 – 2012*. Sótt í febrúar 2013 af <http://borgarbyggd.is/starfsemi/felagsthjonusta/>

Sveitarfélagið Borgarbyggð. 2013b. *Niðurstöður úr könnun Capacent Gallup frá október 2012*. Sótt í mars 2013 af http://borgarbyggd.is/Files/Skra_0054897.pdf

Sveitarfélagið Hornafjörður. 2002. *Stefna sveitarfélagsins Hornafjarðar í heilbrigðis- og öldrunarmálum*. Sótt 4. febrúar 2013 af http://www2.hornafjordur.is/media/stjornsysla/Stefnumotun_HSSA.pdf

Annað lesefni sem vinnuhópurinn kynnti sér

Akraneskaupstaður. 2013. *Stefnumótun og framtíðarsýn í þjónustu við aldraða*. Sótt í janúar 2013 af <http://akranes.is/thjonusta/fjolskyldan/malefni-aldradra/felagsleg-heimathjonusta/>

Velferðarráðuneytið. 2013. *Kröfulýsing í öldrunarþjónustu* (2. útg.) Sótt í febrúar 2013 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit_2013/Krofulysing_oldrunarthjonustu_jan2013.pdf

Ólöf Birna Björnsdóttir. 2013. *Þjónusta á efri árum – samanburður á þjónustu sveitarfélaga við aldraða*. B.A. ritgerð. Sótt í janúar 2013 af http://skemman.is/stream/get/1946/13699/32788/1/%C3%9Ei%C3%B3nusta_%C3%A1_efri_%C3%A1rum.FINAL.09.01.2013.pdf

